

Vesturbyggð  
Árman Halldórsson,  
forstöðumaður tæknideildar  
Aðalstræti 63  
450 Patreksfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 14. mars 2014  
Tilvísun: UST20140200183/bs

### **Deiliskipulagstillaga fyrir iðnaðarsvæði nyrst á Bíldudal. Umsögn**

Vísað er til bréfs byggingarfulltrúa Vesturbyggðar dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Um er að ræða deiliskipulag iðnaðarlóðar sem staðsett verður á landfyllingu nyrst á Bíldudal. Í öðrum viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum kemur farm í lið i að tilkynna beri til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu landfyllingar sem stærri eru en 5 ha. Sú landfylling sem hér um ræðir er 2 ha og telst því ekki tilkynningaskyld framkvæmd og því er ekki nauðsynlegt að vinna umhverfismat áætlana skv. lögum nr. 105/2006.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umrætt deiliskipulag. Bent er á að leita ætti álits Umhverfisstofnunar hvort gerð umræddrar landfyllingar krefjist leyfis Umhverfisstofnunar skv. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig vill Umhverfisstofnun benda á að við efnistöku vegna landfyllingar ætti að huga að sjónrænum áhrifum efnistökunnar og forðast efnistöku úr fjallshlíðum ef þess er nokkur kostur.

Virðingarfyllst

A. Birna Guttormsdóttir  
Ádalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Björn Stefánsson  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur

Afrit: Skipulagsstofnun